

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um að hætta við leiguverðshækkun hjá Félagsbústöðum

Borgarstjórn samþykkir að draga til baka ákvörðun um nýtt leiguverðslíkan sem var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 19. september síðastliðinn og á að taka gildi þann 1. janúar 2024. Lagt er til að Félagsbústöðum verði falið að hefja vinnu að nýju leiguverðslíkani sem geri ekki ráð fyrir leiguhækkunum líkt og þeim sem samþykktar voru á borgarstjórnarfundi þann 19. september síðastliðinn. Þá er einnig lagt til að slíkt hafi ekki í för með sér hækkun á þær leiguverðslækkunarir sem þegar hafa verið boðaðar og tilkynntar leigjendum. Unnið verði í nánú samstarfi með velferðarráði og aðilum sem hafa þekkingu og reynslu af leigjendamálum, við að koma á nýjum viðmiðum þegar kemur að leiguverði. Í þeirri vinnu verði unnið út frá þeim áherslum að leiguverð fari aldrei yfir 25% af ráðstöfunartekjum leigjenda, en þó þannig að ekki komi til leiguverðshækkana ef leiga er í einhverjum tilfellum lægri en það. Lagt er til að nýtt leiguverð taki gildi þann 1. janúar 2024.

Greinargerð

Breytingarnar sem meirihluti borgarstjórnar ásamt Sjálfstæðisflokki samþykkti hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir fjölda leigjenda. (Sjá breytingarnar umræddu hér: <https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/borgarr%C3%A1%C3%B014.sept%2015.%20li%C3%B0ur%20Sam%C3%BEykkt%20velfer%C3%B0arr%C3%A1%C3%B0s%20um%20breytingu%20%C3%A1%20leiguver%C3%B0sl%C3%ADkani%20F%C3%A9lagsb%C3%BAsta%C3%B0a.pdf>). Af 2.649 leigjendum sem breytingin hefur áhrif á mun leigan hækka hjá 1.538. Hjá 145 manneskjum mun leigan hækka um meira en 12.000 kr. á mánuði. Rétt er að benda á að hjá 1.111 leigjendum munu áhrifin leiða til lækkunar á leigu. Félagsbústaðir hafa kynnt þessar breytingar sem jöfnunaraðgerð til að jafna leigu á milli eigna óháð staðsetningu og fleiri þáttum. Ekki er hægt að jafna leigu á milli ólíkra eigna með því að hækka leigu hjá sumum. Um er að ræða leigjendur sem eru í erfiðri fjárhagslegri stöðu og því mun þessi aðgerð ekki ganga upp. Ljóst er að einnig er þörf á því að fara í endurskoðun á markmiðum um fjárhagslega sjálfbærni hjá Félagsbústöðum, þar sem ekki gengur að núverandi leigjendur greiði fyrir uppbyggingu á húsnæði fyrir öll þau sem bíða.